

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalög (úthlutun tollkvóta og fóðursjóður), 272. mál.**

Samtök iðnaðarins, SI, og Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja SMK, sem eru aðildarsamtök SI, gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Samkvæmt frumvarpinu á að leggja fóðursjóð niður og einfalda með því stjórnábyrgðum. Samökin gera ekki athugasemdir við það. Hins vegar er í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að við gildistöku laganna renni eftirstöðvar fóðursjóðs í ríkissjóð. Þetta er í ósamræmi við 33. grein laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem segir að eftirstöðvar tekna fóðursjóðs eftir greiðslur samkvæmt ákvæðum 31. gr. laganna skuli renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur verið í miklu fjársvælti undanfarin ár. **Samtökin gera þá kröfu að þegar fóðursjóður verður lagður niður renni eftirstöðvar hans í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.**


Að öðru leyti ítreka SI, og SMK umsögn sína um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalög frá 19. mars 2012.

Virðingarfyllst,

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

  
Guðni Ágústsson, formaður

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Ragnheiður Héðinsdóttir,  
Forstöðumaður matvælasv.

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta), 508. mál.**

Samtök iðnaðarins, SI, og Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja SMK, sem eru aðildarsamtök SI, gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

**Almennt um frumvarpið:** SI og SMK taka undir það sjónarmið, sem fram koma í athugasemdum við lagafrumvarpið, að ekki skuli hrófla við þeirri stefnu að innlend framleiðsla skuli njóta verndara gagnvart innflutningi og sé gert kleift að standast verðsamkeppni við vörur sem fluttar eru inn á grundvelli tollkvóta.

Samtökin telja mjög mikilvægt að þannig sé haldið á málum að hér skapist ekki skortur á tilteknum kjöttegundum eða skrokkhlutum líkt og margir töldu sig hafa upplifað á lambakjöti á síðastliðnu hausti og talið er viðvarandi á sumum skrokkhlutum nautakjöts. Samtökin eru því fylgjandi að fyrirkomulag við úthlutun tollkvóta sé með þeim hætti að ekki skapist skortur á markaði hérlendis.

**Athugasemdir við einstakar greinar:**

**1. gr.** Ákvæði um að framboð sé ekki nægjanlegt ef vara er ekki til stöðugar dreifingar í að lágmarki 90% af eftirspurn, er illskiljanlegt og ekki í samræmi við það markmið að skapa stöðugt framboð. Eftirspurn eftir vöru er fall af verði hennar og því er framkvæmd þessa ákvæðis nánast óframkvæmanlegt. Þá er ljóst að ekki er raunhæft að miða við að vara sé fáanleg frá a.m.k. tveimur innlendum framleiðendum í öllum tilvikum. Dæmi eru ýmsar mjólkurafurðir og kalkúnakjöt. Lagt er til að málsgreinin hljóði svo: **Framboð telst ekki nægjanlegt, sbr. 1. mgr., ef viðkomandi vara er ekki til stöðugar dreifingar og búið sé að fullnýta áður úthlutaða tollkvóta samkvæmt gildandi milliríkjasamningum.**

**2. gr.** Í b. lið er gert ráð fyrir að 20 falda upphæðir dagsekta. Almennt verðlag hefur einungis 7-8 faldast á þeim tíma sem liðinn er frá því að upprunalegar dagsektir voru settir inn í lögin. Því er lagt til að frekar sé miðað við almennar verðlagshækkningar og **miðað sé við að sektir megi nema 700 – 35.000 kr.** fyrir hvern dag.

**4. gr.** Innlendir framleiðendur telja nauðsynlegt að meiri hvati sé til að kaupa innlenda vöru ef hún er fáanleg vegna þeirrar ósamhverfu sem ríkir í vöruflæði inn og út úr landinu, þ.e.a.s. ef vöru skortir er auðvelt að flytja hana inn en ef offramboð er innan lands er erfitt um vik að flytja út. Því þurfi tollur að gera betur en vega upp mismun á verði innan lands og á erlendum mörkuðum. Því er lagt til að tollur sem lagður er á innfluttu vöruna sé geri innfluttu vöruna 20% dýrari en þá innlendu. Þá telja framleiðendur mikilvægt að miðað sé við viðskipti milli ótengdra aðila á innanlandsmarkaði. Ennfremur að hugtakið **viðskiptaverð** sé of opið og því heppilegra að taka afdráttarlausara til orða. Þá er rétt að benda á að mjög mikilvægt er stjórnvöld að tryggja að upplýsingum um verð sé safnað á faglegan, samfelldan og skipulegan hátt.

Lagt er til að c. liður hljóði svo:

c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem ráðherra er fer með málefni landbúnaðar úthlutar skv. 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur sem eru fluttar inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skal lagður á sem magntollur og vera mismunur ríkjandi heildsöluverðs, samkvæmt upplýsingum fengnum frá a.m.k. tveimur leiðandi ótengdum dreifingaraðilum, **í viðskiptum við ótengda aðila, að viðbættu 20% álagi**, og innflutningsverðs samkvæmt meðaltali tollverðs síðastliðinna sex mánaða. Hafi vara ekki verið flutt til landsins á síðustu sex mánuðum er heimilt að miða innflutningsverð við **lægsta skráða útflutningsverð landa innan WTO á sambærilegri vöru** að viðbættum flutnings- og vátryggingarkostnaði.


Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu við innflutning á vörum í viðauka V, á grundvelli tollkvóta samkvæmt viðaukum IVA og B, gilda þeir tolltaxtar sem þar eru tilgreindir. Úthlutun skal takmarkast af heildartollkvótum í tonnum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B.

Virðingarfyllst,

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

  
Guðni Ágústsson, formaður

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Ragnheiður Héðinsdóttir,  
Forstöðumaður matvælasv.